

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 8/1998.

# **Ákærvaldið**

(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)

gegn

**Ólafi Hannesi Hálfðánarsyni**

(Kristinn Bjarnason hdl.) og

**Sigurði Júlíusi Hálfðánarsyni**

(Örn Clausen hrl.)

Manndráp. Hlutdeild. Rán. Geðheilbrigði. Skaðabætur.

## **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1997 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákærvalds. Krefst ákærvald þess, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og refsing þeirra þyngd. Þá krefst það þess, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta til sambúðarkonu Lárusar Ágústs Lárussonar, Valgerðar Ragnarsdóttur, og þriggja ófjárráða sona þeirra, Eiríks, Jakobs og Andra Þórs, alls 8.849.184 krónur auk vaxta og kostnaðar.

Ákærði Ólafur krefst lækkunar á refsingu. Jafnframt krefst hann frávisunar á skaðabótakröfu, en til vara, að hún verði lækkuð verulega.

Ákærði Sigurður krefst lækkunar á refsingu jafnframt því, að brot hans verði heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk 252. gr. sömu laga. Þá krefst hann þess, að í stað venjulegrar refsivistar í fangelsi verði hann dæmdur til að afplána dóm sinn á viðeigandi stofnun, með vísan til 16. gr., sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga. Þá krefst hann lækkunar á bótakröfu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

## **I.**

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var ferð ákærðu í Heiðmörk með Lárusi Ágústi Lárussyni aðfaranótt 2. október 1997 farin í því skyni að taka af honum fé. Með skírskotun til forsendna dómsins er

staðfest sú niðurstaða hans, að ákærðu hafi báðir gerst sekir um rán samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga.

## II.

Lík Lárusar fannst síðdegis fyrrgreindan dag, og voru á því miklir áverkar, svo sem lýst er í héraðsdómi. Ákærðu eru einir til frásagnar um það, sem gerðist, og tóku frásagnir þeirra nokkrum breytingum undir rannsókn og meðferð málsins. Af gögnum og frásögnum er í stórum dráttum ljóst, að ákærðu leituðu Lárus heitinn uppi, eftir að hann komst út úr bifreið þeirra og hvarf þeim sjónum. Eftir að þeir fundu hann aftur, réðust þeir að honum, og eftir einhver átök yfirbuguðu þeir hann og hjálpuðust að við að koma honum á veginn, þar sem bifreiðin var. Var hann þá að þrotum kominn og féll til jarðar rétt framan við bifreiðina. Sem þeir stóðu þarna yfir honum, keyrði ákærði Sigurður stóran stein í höfuð hans, að minnsta kosti tvívegis, og lá hann eftir það ósjálfbjarga. Í beinu framhaldi þessa, eftir að annar ákærðu tók veski Lárusar, fóru þeir upp í bifreiðina. Ákærði Ólafur settist undir stýri og ók beint yfir hinn liggjandi mann.

Ofangreinda atburðarás verður að meta heildstætt. Miða verður við samkvæmt lækisfræðilegum gögnum málsins, að Lárus hafi hlotið bana af höggum ákærða Sigurðar með steininum. Fallist er á það með héraðsdómi, að ákærði Sigurður hafi með atferli sínu gerst sekur um brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Héraðsdómur mat ótrúverðugan framburð ákærða Ólafs um, að hann hefði ekið yfir liggjandi manninn fyrir slysi, og verður því mati ekki hnekk. Ákærði tók þátt í að elta Lárus uppi, yfirbuga hann og koma honum á veginn fyrir framan bifreiðina. Hann stóð hjá, er meðákærði keyrði hinn þunga stein oftar en einu sinni í höfuð mannsins, og að því loknu ók ákærði bifreiðinni yfir hann. Er á það fallist með héraðsdómi, að ákærði hafi þá ekki getað verið viss um, að maðurinn væri látinn. Þegar litið er á atferli þetta í heild, en jafnframt hafður í huga verknaður meðákærða, þykir rétt að virða þátttöku ákærða Ólafs sem hlutdeild samkvæmt 22. gr. almennra hegningarlaga í broti meðákærða gegn 211. gr. laganna.

## III.

Staðfest er sú niðurstaða héraðsdóms, að ákveða beri ákærða Sigurði refsingu í máli þessu. Ekki er hins vegar á það fallist, að við eigi að beita ákvæðum 75. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar hans. Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins að öðru leyti verður staðfest ákvörðun hans um sextán ára fangelsi. Í bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins til ríkissaksóknara 23. mars 1998 kemur fram, að stofnun, sem um er rætt í 2. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga, hafi ekki verið komið á fót. Hins vegar hafi réttar-geðdeildin að Sogni í Ölfusi í einstaka tilvikum tekið við föngum um nokkurra mánaða skeið, meðan þeir afplána refsivist. Sé það liður í heilbrigðisþjónustu við fanga, sem heilbrigðis- og trygginga-málaráðuneytið sjái um að veita samkvæmt lögum nr. 123/1997 um breyting á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988. Að þessu virtu þykja ekki skilyrði til þess að mæla í dómi þessum fyrir um afplánun refsingar ákærða á stofnun, en við það verður að miða, að vistun hans við afplánun verði í samræmi við heilsu hans.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ólafs verður að líta til hlutar hans í verknaðinum, sem áður er lýst. Þykir 2. mgr. 22. gr. hegningarlaganna ekki eiga hér við. Að því virtu og öðrum þeim atriðum, sem héraðsdómur byggði refsíákvörðun sína á, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tólf ár.

Til frádráttar refsingu beggja ákærðu skal koma með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist þeirra frá 3. október 1997.

## IV.

Í málinu hafa sambúðarkona Lárusar Ágústs Lárussonar og þrír ófjárráða synir þeirra gert kröfur um skaðabætur vegna andláts hans, fyrir missi framferanda og útfararkostnaði, svo sem þeim er rétt að lögum. Eru kröfurnar nægilega ljósar til þess, að leggja megí dóm á þær, en telja verður ákærðu bera óskipta bótaábyrgð á grundvelli þess, sem fyrr er rakið um sök þeirra á dauða hins látna.

Bætur til konunnar fyrir missi framferanda ber að ákvarða eftir reglum 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þá sem hlutfall (30%) af þeim bótum, er ætla má, að hann hefði átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, en hann var 36 ára á dánardægri. Ræðst fjárhæð þeirra örorkubóta af ákvæðum 5.–7. gr. og 9. gr. laganna með þeirri breyt-

ingu á 1. mgr. 6. gr., sem gerð var með 1. gr. laga nr. 42/1996. Hins vegar á konan ekki rétt á bótum fyrir varanlegan miska, sem um ræðir í 4. gr. laganna og krafa hennar nær einnig til. Leiðir þetta af beinum ákvæðum 13. gr. og skýrum tengslum hennar við aðrar greinar laganna.

Um kröfuna liggur fyrir útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 17. nóvember 1997, og er ekki deilt um niðurstöður hans. Eru vinnutekjur Lárusar heitins árið 1996 lagðar þar til grundvallar, sbr. 7. gr. laga nr. 50/1993, og teljast þær nema 1.756.402 krónum. Verður fjárhæð reiknaðra örorkubóta samkvæmt höfuðstólsstuðli 1. mgr. 6. gr. laganna þá sem hér segir að teknu tilliti til aldurs hins látna, sbr. 9. gr. laganna, og verðlagsbreytinga frá dánardægri til útreikningsdags, sbr. 15. gr. þeirra:

|                                                            |                          |              |
|------------------------------------------------------------|--------------------------|--------------|
| Örorka, 100%                                               | Árlegt tap kr. 1.756.402 |              |
| Stuðull vegna aldurs                                       | 0,89                     | – 1.563.198  |
| Höfuðstólsstuðull                                          | 10                       | – 15.631.978 |
| Höfuðstóll örorkubóta, breyttur samkvæmt lánskjaravísitölu |                          | 15.684.375   |

Á það ber að fallast með skírskotun til 13. gr. laganna, að ákærðu skuli gert að greiða konunni 30% síðastgreindrar fjárhæðar í bætur fyrir missi framfæranda, 4.705.312 krónur. Af þeirri fjárhæð greiðist 2% ársvextir frá dánardægri 2. október 1997 til dómsuppsögudags í héraði 5. desember sama ár, sbr. 16. gr. skaðabótalaga.

Krafa konunnar um bætur fyrir útfararkostnaði, 300.000 krónur, verður enn fremur tekin til greina, sbr. 12. gr. skaðabótalaga. Þá verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um greiðslu til konunnar á 119.920 krónum vegna aðstoðar lögmanns og útlagðs kostnaðar við framsetningu skaðabótakrafna. Nema greiðslur til hennar þannig 5.125.232 krónum samtals.

Bætur til sona hins látna ber að ákvarða eftir 14. gr. skaðabótalaga, þannig, að þær verði jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris eftir lögum um almannatryggingar, sem hver þeirra um sig eigi rétt á frá andláti föðurins til átján ára aldurs. Kröfur móðurinnar fyrir þeirra hönd eru reistar á útreikningi tryggingafræðingsins og sundurliðaðar í héraðsdómi samkvæmt niðurstöðu hans um verðmæti þeirra

á andlátsdegi. Eins og kröfugerð er háttað, ber að taka kröfurnar til greina óbreyttar, þannig, að bætur vegna Eiríks Lárussonar verði 139.140 krónur, Jakobs Lárussonar 1.179.005 krónur og Andra Þórs Lárussonar 1.937.037 krónur. Verða bæturnar samtals 3.255.182 krónur, og ber að greiða af þeim 2% ársvexti frá 2. október 1997 til 5. desember sama árs.

Rétt þykir, að dæmdar fjárhæðir beri dráttarvexti frá dómsupp-sögudegi í héraði.

## V.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Þá verða ákærðu dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og nánar er greint í dómsorði.

## D ó m s o r ð :

Ákærði Sigurður Júlíus Hálfðánarson sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 3. október 1997 með fullri dagatölu.

Ákærði Ólafur Hannes Hálfðánarson sæti fangelsi í 12 ár. Til frádráttar refsingu hans komi gæsluvarðhaldsvist frá 3. október 1997 með fullri dagatölu.

Ákærðu greiði Valgerði Ragnarsdóttur óskipt 5.125.232 krónur með 2% ársvöxtum af 4.705.312 krónum frá 2. október 1997 til 5. desember sama árs og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.125.232 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu greiði Valgerði Ragnarsdóttur fyrir hönd ófjárráða sona hennar, Eiríks Lárussonar, Jakobs Lárussonar og Andra Þórs Lárussonar, samtals 3.255.182 krónur með 2% ársvöxtum frá 2. október 1997 til 5. desember sama árs og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvörðun héraðsdóms er staðfest, þar á meðal um greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð, 250.000 krónur.

Ákærði Sigurður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda

síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Ákærði Ólafur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristins Bjarnasonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Annar áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 5. desember 1997.**

Ár 1997, föstudag 5. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara og meðdómsmönnum Finnoga H. Alexanderssyni og Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-346/1997: Ákærvaldið gegn Ólafi Hannesi Hálfðánarsyni og Sigurði Júlíusi Hálfðánarsyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. nóvember sl., er höfðað með ákæru 11. nóvember 1997 á hendur Ólafi Hannesi Hálfðánarsyni, Brekkutanga 21, Mosfellsbæ, kt. 080972-4749, og Sigurði Júlíusi Hálfðánarsyni, Laufengi 88, Reykjavík, kt. 080972-4829, „fyrir manndráp og rán aðfaranótt fimmtudagsins 2. október 1997 á vegarslóða að malargryfjum sunnan Hádegishóls í Urriðakotshrauni í Heiðmörk. Er ákærðu gefið að sök að hafa þar í félagi ráðið Lárusi Ágústi Lárussyni, kennitala 190561-3059, bana með hrottafengnum hætti, eftir að þeir höfðu ekið með hann þangað í bifreið ákærða Ólafs Hannesar, HE 370, BMW 728. Réðust ákærðu þar að Lárusi Ágústi með höggum og barsmíðum, ákærði Sigurður Júlíus lét 13 kg steinhnullung falla a. m. k. tvívegis í höfuð Lárusi Ágústi, þar sem hann lá varnarlaus, einnig lamdi og sparkaði ákærði Ólafur Hannes margsinnis í höfuð hans, og loks óku ákærðu fyrrgreindri bifreið, ákærði Ólafur Hannes við stýrið, tvívegis yfir líkama og höfuð Lárusar Ágústs. Við fyrrgreinda aðför náðu ákærðu veski Lárusar Ágústs, sem í voru 8.000 kr., og höfðu á brott með sér.

Þykir atferli ákærðu varða við 211. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Sigmundur Hannesson hæstaréttarlögmaður gerir skaðabótakröfu í málinu fyrir hönd ekkju Lárusar Ágústs Lárussonar, Valgerðar Ragnarsdóttur, og þriggja sona þeirra. Hann gerir þá kröfu, eftir að ákærðu höfðu samþykkt hækkan hennar frá útgáfu ákæru, að ákærðu verði dæmdir til að

greiða þeim skaðabætur, sem grundvallast á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 og sundurliðast með eftirgreindum hætti:

|                                                           |                      |
|-----------------------------------------------------------|----------------------|
| I. Útfararkostnaður samkvæmt 12. gr. skaðabótalaga        | kr. 300.000          |
| II. Bætur til sambúðarmaka samkvæmt 13. gr. skaðabótalaga | – 6.033.825          |
| III. Bætur til barna samkvæmt 14. gr. skaðabótalaga:      |                      |
| „ Eiríkur Lárusson                                        | – 139.140            |
| „ Jakob Lárusson                                          | – 1.179.005          |
| „ Andri Þór Lárusson                                      | – 1.937.037          |
| Samtals                                                   | <u>kr. 9.589.007</u> |

auk vaxta og kostnaðar.

Ákærði Ólafur krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af ákæru um manndráp, en að öðru leyti verði hann dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa. Hann krefst þess, að gæsluvarðhaldsvist frá 2. október til dómsuppsögu dragist frá fangelsisrefsingu, verði hún dæmd. Þess er krafist, að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi, ef sýknað verður, en annars, að hún lækki verulega. Þá er þess krafist, að ákærði Ólafur verði aðeins dæmdur til að greiða hluta sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun.

Ákærði Sigurður krefst þess aðallega, að honum verði ekki gerð sérstök refsing, með vísan til 16. gr. alm. hgl., en til vara vægustu refsingar, og að verknaður hans verði heimfærður undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Þess er krafist, að gæsluvarðhaldsvist verði dregin frá fangelsisrefsingu, verði hún dæmd. Þá er krafist lækkunar skaðabótakröfu og málsvarnarlauna.

Hinn 25. nóvember gengu dómarar á vettvang ásamt verjendum, saksoknara og lögreglumanni.

#### *Málavextir.*

Fimmtudaginn 2. október 1997 kl. 16.05 barst lögreglunni í Hafnarfirði tilkynning um líkfund í Heiðmörk, nánar tiltekið í Urriðavatnshrauni skammt sunnan Hádegishóls í norðurenda Selgjár. Þarna er gamalt malar-nám, og liggur grófur malarvegur, um 100 metrar á lengd, frá Elliðavatns-vegi upp í gryfju. Lík mannsins fannst á þessum vegarstöðum, þar sem það lá á grúfu þvert yfir veginn í skarði milli tveggja hraunhóla. Mátti sjá, að mikl-ir áverkar voru á höfði og bol og föt rifin og blóðug. Mikið blóð var undir höfði mannsins og blóðpollur skammt frá líkinu. Stór alblóðugur steinn var skammt frá höfði mannsins, og var mannshár á steininum. Læknir kom á staðinn um kl. 16.35, og taldi hann, að maðurinn hefði verið látinn í a. m. k. tólf klst. Hann hefði hlotið þung höfuðhögg, áður en ekið hefði verið yfir hann. Ekki fannst veski eða skilríki á manninum, en hins vegar voru á hon-

um lykklar, sem voru að bifreið, er skráð var á tiltekið fyrirtæki, og mátti af því ráða, að hinn látni gæti verið Lárus Ágúst Lárusson. Við eftirgrennslan náðist í eiginkonu Lárusar, og gat hún gefið upplýsingar um fatnað og útlit Lárusar, sem kom heim og saman við hinn látna. Maður honum kunnugur kom á vettvang og staðfesti, að hann bæri kennsl á Lárus heitinn.

Sama dag kl. 18.52 kom ákærði Ólafur á lögreglustöðina í Reykjavík og skýrði frá því, að hann og tvíburabróðir hans, ákærði Sigurður, hefðu átt þátt í dauða manns í Heiðmörk sl. nótt. Þeir bræður voru báðir handteknir, og í kjölfarið fór fram húsleit á heimilum þeirra. Á heimili ákærða Sigurðar fundust m. a. blóðugar gallabuxur í sorpi, í poka í hjólageymslu fannst blóðugur gallajakki, og með því að losa rist á hlið baðkars fannst skyrta ákærða Sigurðar, einnig lítills háttar blóðug. Fram hefur komið í málinu, að eftir verknaðinn skiptu báðir ákærðu um fót heima hjá ákærða Sigurði.

Framburður beggja ákærðu tók nokkrum breytingum í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi. Ákærðu gáfu þrjár skýrslur hjá lögreglu og tvær fyrir dómi, hina fyrri 28. október 1997 samkvæmt beiðni, byggðri á 1. mgr. 74. gr. oml., og hina síðari við aðalmeðferð 28. nóvember 1997. Þá hafa þeir verið yfirheyrðir vegna kröfu um gæsluvarðhald. Verður nú fyrst rakin frásögn ákærða Ólafs við aðalmeðferð. Hann skýrir svo frá atvikum, að þeir hefðu farið á veitingastaðinn Bóhem um níuleytið þetta kvöld. Þar kvaðst Ólafur hafa drukkið þrjá stóra bjóra. Um kl. 22.00 hefðu þeir farið á veitingastaðinn Vegas. Þar hefði hann drukkið gin og vodka og með því „hot shot“. Þegar þeir hefðu farið út af staðnum, hefðu þeir verið með sex bjóra með sér. Þeir hefðu ákveðið að fá eina stelpuna til þess að dansa fyrir sig „sófadans“. Meðan á því stóð, hafði Sigurður farið frá sófanum og farið að tala við Lárus heitinn úti í sal. Stuttu síðar hefði Sigurður komið til sín og sagt, að þeir væru að fara. Þá hefði klukkan verið um eitt eftir miðnætti.

Þegar þeir voru á leið út í bifreið Ólafs, hefði Sigurður sagt, að maðurinn, sem kom út með þeim, væri fjáður og þeir gætu rænt hann. Sigurður hefði ekið bifreiðinni, en hann sest hjá manninum aftur í. Ólafur kvaðst hafa verið orðinn mjög ölvaður, er hér var komið sögu. Hann muni, að hann talaði eitthvað við manninn, en man næst eftir sér uppi í Heiðmörk og að maðurinn stóð fyrir utan bifreiðina hægra megin uppi á lítilli hraunhæð eða hól. Sigurður hefði hlaupið til mannsins upp hólninn, sem hafi verið nokkur skref frá bifreiðinni. Hann hefði fylgt á eftir bróður sínum. Hann hefði tekið í manninn, sem var svo til máttlaus og móður og enn fremur töluvert ölvaður. Hann hefði haldið í manninn og leitt hann niður brattann. Maðurinn hefði hrasað, þegar þeir áttu stutt eftir að bifreiðinni. Sigurður hefði sagt, að þeir skyldu lyfta honum í skinið af ljósum bifreiðarinnar.

Hann hefði tekið undir fætur mannsins, en Sigurður undir axlir hans og þeir lyft honum síðasta spölinn að bifreiðinni og lagt hann þar á veginn. Maðurinn hefði beðið sér vægðar og beðið þá um að berja sig ekki. Hefði Sigurður þá tekið upp stóran stein, lyft honum upp með báðum höndum og keyrt í höfuð manninum. Hann hefði heyrt brothljóð og blóð gusast úr höfði mannsins. Sigurður hefði tekið steininn upp aftur og látið hann falla á höfuð mannsins í eitt til tvö skipti til viðbótar. Hefði hann staðið klovvega yfir höfði mannsins, meðan á þessu stóð. Sjálfur hefði hann staðið við fætur mannsins. Eftir fyrsta höggið hefði maðurinn titrað, en síðan ekki hreyft sig meir og hætt að anda, að því er honum virtist. Ólafur kveðst hafa lamast, þegar hann sá Sigurð taka upp steininn og keyra í höfuð mannsins. Hann hefði verið í miklu uppnámi, enda gert sér grein fyrir því, að maðurinn var látinn. Þeir hefðu síðan tekið veskið af manninum, en ekki mundi hann, hvor þeirra hefði gert það. Hann hefði sagt, að þeir skyldu koma sér burtu. Settist hann undir stýri, og þá rétti Sigurður honum 3.000 kr., en hélt sjálfur eftir 5.000 kr. Hann kveðst hafa verið í miklu uppnámi, hálfgrátandi og í ógáti sett sjálfskiptinguna á „D-drive“ og ekið yfir manninn í stað þess að bakka. Hefði hann ekki gert sér grein fyrir, hve bifreiðin var nálægt manninum. Hann sneri bifreiðinni við inni í gryfjunni og ók síðan fram hjá manninum á leiðinni til baka. Sá hann þá, að hann hafði snúist við á veginum og lá nú á grúfu. Hann hefði slökkt á ljósum bifreiðarinnar og ekið burtu og út á Elliðavatnsveg í átt að Hafnarfirði, en við golfvöll Oddfellowa ekið bifreiðinni út af veginum og fest hana. Þeir hefðu farið út úr bifreiðinni, hann grátandi og hræddur. Hann hefði sagt við Sigurð, að hann vildi fara til lögreglunnar og tilkynna, hvað gerst hefði. Sigurður hefði þá ráðist á sig og ekki hætt að berja sig, fyrr en hann lofaði að segja ekki frá. Hefðu þeir gengið þaðan út á Reykjanesbraut og fengið far með tveimur stúlkum á leigubifreiðastöð í Hafnarfirði og þar tekið leigubifreið heim til Sigurðar í Grafarvogi. Þar dvöldust þeir í um eina og hálfa klukkustund, en fóru síðan á bifreið Sigurðar aftur upp í Heiðmörk, losuðu bifreið Ólafs og óku heim til Sigurðar. Stuttu síðar fór Ólafur heim til sín og sagði konu sinni allt, sem gerst hafði. Hann hefði vaknað um kl. 15.00 daginn eftir, farið og rætt við Sigurð, en síðan gefið sig fram við lögreglu um kl. 18.00.

Þegar ákærði Ólafur tilkynnti um atburðinn 2. október 1997, sagði hann ekki frá því, að hann hefði ekið yfir Lárus heitinn. Við yfirheyrslu fyrir dómi 3. október vegna kröfu um gæsluvarðhald viðurkennir hann að hafa ekið yfir hann. Hjá lögreglu 2. október 1997 sagði ákærði Ólafur aðspurður um, hvort hann hefði kannað ástand Lárusar, eftir að Sigurður lét steininn falla: „Nei, ég gerði það ekki. Ég var skíthræddur og vildi bara komast í

burtu sem fyrst.“ Í lögregluskýrslu 7. október 1997 segir hann, að þeir bræður hafi hlaupið á eftir manninum og í sameiningu dregið hann niður af hraunhæðinni, en minnst ekki á nein átök. Fyrir dómi 28. október 1997 talaði ákærði fyrst um einhverjar ryskingar milli Sigurðar og Lárusar, þegar þeir bræður voru að leiða hann niður af hólnum. Sagði hann þá, að hann gæti ekki fullyrt, hvort hann hefði kýlt manninn eða gert eitthvað annað. Hann þvertók þó fyrir að hafa sparkað í hann.

Ákærði Sigurður skýrir á nokkuð annan veg frá um sumt í atburðarás. Verður nú rakinn framburður hans við aðalmeðferð. Hann segir, að þeir bræður hafi báðir lagt á ráðin um að ná peningum af Lárusi heitnum. Sigurður hefði talið, að hann væri með reiðufé á sér. Hefðu þeir sammælt um á veitingastaðnum Vegas að bjóða honum akstur á veitingastaðinn Bóhem, en ræna hann þess í stað. Hann hefði því ekið upp í Heiðmörk og ætlað að ræna hann þar og skilja hann eftir. Þegar hann hefði ekið inn á áður-nefndan vegarslóða að malargryfjunni, hefði hann fest bifreiðina í bleytu. Maðurinn hefði þá farið út úr bifreiðinni og horfið þeim bræðrum sjónum. Sigurður kveðst hafa ekið inn í gryfjuna, snúið bifreiðinni við og ekið til baka og inn í Heiðmörk við Maríuhella án þess að finna manninn. Hefði hann þá snúið aftur við og ekið vegarslóðann að gryfjunni og þá séð manninn uppi á hraunmalarhæð á hægri hönd. Hefði hann þá farið út úr bifreiðinni og hlaupið á eftir manninum stuttan spöl og ráðist á hann. Auðvelt hefði verið að ná honum, vegna þess að hann hefði verið mjög drukkinn. Hann hefði orðið undir í átökunum, en bróðir sinn Ólafur komið sér til hjálpar. Ólafur hefði sparkað í manninn tvisvar til þrisvar, og hefði það nægt til þess að ná manninum ofan af sér. Spörkin hefðu lent í andliti mannsins. Hefði maðurinn þá sagt við þá: „Ekki meiða mig.“ Sigurður segir, að Ólafur hafi á einhvern hátt ýtt manninum niður hraunhæðina og í átt að bifreiðinni. Sigurður hefði fylgt þeim fast eftir og verið í falli niður hraunhæðina, þegar hann greip stein með báðum höndum og keyrði hann í átt að manninum, þar sem hann lá í götunni fyrir framan bifreiðina. Áður en steinninn hafnaði á manninum, hefði hann stutt annarri hendi niður til þess að ná jafnvægi og einhent steininum í enni mannsins. Síðan hefði hann tekið steinninn upp í annað sinn með báðum höndum og látið hann falla í höfuð manninum í annað sinn. Við það högg hefði blætt mikið úr höfði mannsins. Ekki taldi Sigurður, að maðurinn hefði látist við þetta högg, vegna þess að hann hefði hreyft sig á eftir. Og er þeir voru sestir upp í bifreiðina, hefði sér virst maðurinn lyfta höndum. Ólafur hefði tekið veski úr vasa mannsins, og hefðu þar verið 8.000 kr., sem þeir hefðu skipt þannig, að hann fékk 5.000 kr., en Ólafur 3.000 kr. Ólafur hefði reiðst af því, að mað-

urinn var ekki með meiri peninga á sér, og þess vegna ekið yfir manninn. Hann hefði fyrst bakkað aðeins og síðan gefið inn bensín og ekið beint yfir hann. Um framhaldið skýrði Sigurður á sama veg frá og Ólafur að öðru leyti en því, að hann viðurkenndi ekki að hafa lamið Ólaf vegna þess, að hann vildi tilkynna um atburðinn. Þeir hefðu orðið ósáttir út af einhverju öðru, sem hann mundi ekki glögglega.

Í fyrstu skýrslu hjá lögreglu skýrði Sigurður svo frá, að þeir bræður hefðu hlaupið út úr bifreiðinni að manninum. Hefði hann lent í átökum við hann og orðið undir. Ólafi hefði tekist að losa manninn ofan af sér með því að sparka í höfuð honum. Maðurinn hefði verið á lífi, eftir að hann lét steininn falla á höfuð honum. Ólafur hefði hins vegar reiðst, þegar hann sá, hve lítið var í veskinu, og í reiði sinni ekið yfir manninn, eftir að hann hafði bakkað nokkra metra.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 7. október 1997 skýrði ákærði Sigurður á sama veg frá. Í yfirheyrslu 14. október 1997 kvaðst ákærði nú ekki vera viss um, hvar spörk Ólafs lentu, en þau hefðu nægt til að ná manninum ofan af sér. Maðurinn hefði ekki hreyft sig, eftir að hann lét steininn falla í höfuð hans í síðara skipti. Í skini bílljósanna hefði hann séð, að um manninn fóru kippir, og taldi hann það vera dauðakippi. Ólafur hefði reiðst af því, að ekki voru meiri peningar í veskinu, en ekki vildi hann fullyrða í þessari yfirheyrslu, að Ólafur hefði ekið yfir manninn af ásetningi. Ekki gat hann fullyrt, hvar hjólbarðar bifreiðarinnar fóru yfir manninn. Við yfirheyrslur fyrir dómi 28. október 1997 skýrði ákærði svo frá, að Ólafur hefði sparkað í andlit manninum og maðurinn beðist vægðar, eftir að steinninn féll í fyrra skiptið. Hann taldi, að eftir síðari atlgögunu hefðu um manninn farið dauðakippir. Þá viðurkennir hann að hafa reiðst bróður sínum og lamið hann vegna þess, að hann vildi fara til lögreglu og koma upp um þá.

Margrét Erla Guðmundsdóttir, kt. 221179-3829, og Eva Lára Henningsdóttir, kt. 210279-4319, voru á ferð um Reykjanesbraut á leið í Hafnarfjörð um kl. 2.00–2.30 umrædda nótt. Á leiðinni tóku þær upp í bifreiðina tvo menn, sem stóðu við vegarbrúnina og gáfu merki um að staðnæmast. Hefðu þær fallist á að aka þeim á leigubifreiðastöð í Hafnarfirði gegn 500 króna gjaldi. Mennirnir hefðu verið nokkuð æstir og „pirraðir“ og þær orðið fegnar að losna við þá úr bifreiðinni og ekki farið að standa á sama undir hið síðasta. Ekki virtust þeim mennirnir vera ölvaðir. Leigubifreiðastjórinn Kristján Hannes Ólafsson, kt. 040351-4509, ók ákærðu síðan heim til ákærða Sigurðar í Grafarvogi. Talaði hann ekkert við þá á leiðinni og veitti engu sérstöku athygli í fari þeirra öðru en því, að annar þeirra var snöktandi hluta leiðarinnar.

*Rannsókn málsins og sönnunargögn.*

Hannes Pétursson geðlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærðu. Kom fram í skýrslu hans, að ákærðu hefðu alist upp hjá móður sinni, en ekkert haft af föður sínum að segja, þar sem foreldrar þeirra bjuggu ekki saman. Ellefu ára gamlir fluttust þeir til Bandaríkjanna. Þar luku þeir 10. bekk, en hættu þá námi og voru ýmist í lausavinnu eða atvinnulausir. Mikil drykkja var á heimili þeirra, og sjálfir fóru þeir ungir að neyta áfengis. Bræðurnir fluttust til Íslands nítján ára gamlir og hafa mest verið á sjó síðan. Ákærði Ólafur hefur tvisvar verið í sambúð, áður en hann kynntist núverandi eigin konu sinni, en þau hafa búið saman í tæp þrjú ár. Hann á tvö börn frá hvorri sambúð og eitt barn með eigin konu sinni. Ólafur vistaðist tvisvar á sjúkrastöð SÁÁ að Vogu árið 1994 og er með ör eftir sjálfsáverka á báðum framhandleggjum og hægri kálfa.

Í ályktun Hannesar Péturssonar segir: „Það er álit undirritaðs, að Ólafur Hannes Hálfðánarson sé ekki haldinn formlegum geðsjúkdómi (psychosis) né heldur greindarskort. Hins vegar hafa greinst merki um persónuleikaröskun, sem m. a. hefur lýst sér í samskiptaerfiðleikum og áfengissýki samfara nokkrum skapgerðarþrestum. Ólafur mun hafa átt erfiðar félags- og uppeldisaðstæður og skólasókn verið óregluleg og takmörkuð. Verði Ólafur fundinn sekur um verknað þann, er mál þetta snýst um, er líklegt, að orsaka sé helst að leita í framangreindum skapgerðarþrestum samfara áhrifum áfengis. Við geðheilbrigðisrannsóknina greindust engin einkenni formlegs geðsjúkdóms, og þó að ölvun hafi ef til vill sljógvað dómgreind á þeirri stundu, sem umræddur verknaður varð, er raunveruleikamat Ólafs Hannesar Hálfðánarsonar með þeim hætti, að hann telst sakhæfur.“

Ákærði Sigurður á eitt hjónaband að baki, en í því eignaðist hann eitt barn. Núverandi sambýliskona hans er komin fimm mánuði á leið. Hann hefur tvívegis vistast á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, í fyrri skiptið frá því í febrúar þar til í apríl á þessu ári og endurinnlögn nokkrum dögum síðar. Sá hann ofsjónir, og raddir töluðu til hans. Á sjúkrahúsinu var talið, að um byrjandi geðklofasjúkdóm væri að ræða. Hann hefur tvisvar farið í áfengismeðferð að Vogu, árið 1993 og aftur árið 1996.

Í geðrannsókn Hannesar Péturssonar segir síðan: „Í fyrri hluta geðrannsóknarinnar voru eiginleg sturlunareinkenni ekki áberandi, en hann var talsvert kvíðinn og órólegur, fannst texta í dægurlagi beint gagnvart sér. Er ljóst, að hann hefur átt við að stríða ýmis einkenni umrædds sjúkdóms (geðklofa), er hann vistaðist á geðdeild fyrr á þessu ári, en þegar hann var fyrst spurður, hvort hann hefði fundið fyrir einhverjum slíkum einkennum eða vanlíðan á þeirri stundu, er framangreindur verknaður varð, neitaði

hann því. Hins vegar komu í ljós einkenni, þegar leið á geðrannsóknina, sem styðja frekar umrædda sjúkdómsgreiningu. Hann kvartaði undan of-  
heyrnum og kvað sér vera stjórnað af karlmannsrödd, sem meðal annars  
hefði viðurkennt umræddan verknað og síðan hlegið að sér. „En Jói vill  
ekki, að ég geri neitt. Hann kallar þetta samruna. Hann vill, að blóðið mitt  
komist saman við hans, vill, að ég fremji sjálfsmorð. Ég óttast um líf mitt,  
hann vill gera mér allt illt.“ Fangelsislæknirinn Magnús Sigurðsson staðfesti  
umrædd einkenni og kvartanir og stýrði lyfjagjöf í samræmi við það. Þó að  
minni Sigurðar, „áttun“ og athygli hafi reynst innan eðlilegra marka, virtust  
raunveruleikatengsl hans, rökhuksun og dómgreind á stundum vera óeðli-  
leg. Hann spurði margsinnis um merkingu tiltölulega auðveldra orða og  
setninga.“

Síðan segir í ályktun geðlæknisins: „Það er álit undirritaðs, að Sigurður  
Júlíus Hálfðánarson sé haldinn formlegum geðsjúkdómi (geðklofa). Ekki  
hafi greinst merki um greindarskort, en hins vegar komið fram vísbending-  
ar um persónuleikaröskun, sem m. a. hefur lýst sér í samskiptaerfiðleikum  
allt frá bernsku, takmörkuðum árangri af skólasókn og óreglulegri atvinnu-  
sókn ásamt áfengissýki. Líklegt er, að framangreindir erfiðleikar hafi að  
hluta stafað af erfiðleikum í uppleði og félagslegum aðstæðum Sigurðar.  
Verði Sigurður fundinn sekur um verknað þann, er mál þetta snýst um, er  
líklegt, að orsaka sé helst að leita í áhrifum og afleiðingum framangreinds  
geðsjúkdóms samfara áhrifum áfengis og framangreindrar persónuleika-  
röskunar. Undirritaður telur, að Sigurður hafi átt við að stríða afleiðingar  
framangreinds geðsjúkdóms á þeirri stundu, er umræddur verknaður varð.  
Þó að geðklofasjúkdómur einkennist m. a. af grunnum tilfinningaviðbrögð-  
um og vissri flatneskju í geðslagi, getur sjúkdómurinn þó haft í för með sér  
fyrirvaralaus og á stundum heiftarleg viðbrögð. Það er því mat undirritaðs,  
að sakhæfi Sigurðar sé skert og ákvæði 16. gr. almennra hegningarlaga nr.  
19/1940 eigi við í þessu tilviki.“

Fyrir dómi sagði Hannes Pétursson geðlæknir, að ákærði Sigurður myndi  
örugglega skynja þýðingu refsingar, en vegna áhrifa veikindanna á rökhuks-  
un, dómgreind og tilfinningar væri líklegt, að hann myndi ekki meðtaka  
betrunarþátt fangelsisvistar og hætta væri á, að veikindi hans versnuðu.  
Læknisfræðilegt mat hans væri því, að refsing myndi ekki bera árangur.

Í krufningarskýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors segir, að gríðar-  
miklir áverkar hafi verið á líkinu, höfuðáverkar, er samrýmist því að hafa  
verið veittir með barefli eins og steini. Mestu áverkarnir séu um miðbik  
bolsins, og megi álykta, að maðurinn hafi verið látinn, er þeir áverkar  
komu. Þessir áverkar samrýmist því, að ekið hafi verið yfir manninn. Risp-

ur og skrámur víðs vegar á yfirborði líkamans bendi til, að líkami mannsins hafi dregist með bifreið. Í ályktun prófessorsins segir: „Dánarorsök mannsins var höfuðáverki. Hann hefur hlotið gríðarmiklar vefjaskemmdir, sem geta mjög vel komið heim við það, að hinum stóra steini, sem fannst blóðugur á vettvangi, hafi verið varpað í höfuð honum. Hefur hann lifað stutta stund, eftir að hann fékk höfuðáverkan, svo að blætt hefur niður í vit hans og hann sogað blóð niður í lungu. Aðra áverka hefur maðurinn hlotið á líkamann, sem eru þess eðlis, að þeir hafa getað komið, er ekið var yfir hann, og hefur hann dregist með bifreiðinni, svo að markast hefur á holdið. Þá hefur og opnast inn á mjaðmagrind, en sýnt þykir, að maðurinn hefur þá verið látinn, þar eð ekki hefur blætt teljandi úr svöðusárinu. Af framan-skráðu er ljóst, að maðurinn hefur látist af höfuðáverkanum, en ekki verður fullyrt með vissu, hvort bifreið hefur verið ekið yfir höfuð hans. Áverkar á höfði eru svo miklir, að ekki verður því fortakslaust hafnað, að bifreið hafi verið ekið yfir höfuðið, en sökum þess, að engin teikn, svo sem hjólbardáfor, hafa markast þar, verður ekki tekið af skarið um það efni. Hann var mjög ölvaður, er hann lést.“

Fyrir dómi sagði Gunnlaugur, að leikmaður hefði ekki getað gert sér grein fyrir því, hvort Lárus hefði örugglega verið látinn, þegar ekið var yfir hann.

Báðum ákærðu var tekið blóð til alkóhólsákvörðunar kvöldið eftir atburðinn. Fannst alkóhól hvorki í blóði né þvagi. Samkvæmt vottorði veðurstofu var alskýjað, lítils háttar úði aðfaranótt 2. október og hiti um 7°. Steinn sá, sem ákærði Sigurður varpaði á Lárus heitinn, reyndist vera 13 kg. Blóð var á honum, og einnig mátti greina hárflygsur. Þá fór einnig fram rannsókn á klæðnaði ákærðu og bifreiðum þeirra. Staðfesti rannsókn þessi framburð þeirra að því leyti til.

### *Niðurstaða.*

#### I.

Margt er óljóst um þá atburðarás, er leiddi til dauða Lárusar Ágústs Lárussonar hina örlagaríku nótt 2. október 1997. Með játningu ákærða Sigurðar og framburði meðákærða Ólafs telst sannað, að Sigurður hafi að kvöldi miðvikudagsins 1. október 1997 lagt á ráðin um að ræna fjármunum af Lárusi heitnum Lárussyni. Hafi Sigurður rætt þessi áform sín við Ólaf og hann fallist á ráðabruggið. Því næst hafi ákærðu ekið með Lárus upp í Heiðmörk, þar sem hann hafi farið úr bifreiðinni og falið sig um stund. Ákærðu leituðu Lárus uppi og komu loks auga á hann, þar sem hann var staddur uppi á hraunhól við vegarslóða að malargryfjum í Urriðakots-

hrauni. Þar hafi ákærðu í sameiningu ráðist á Lárus, yfirbugað hann, dregið hann niður hólinn og að bifreiðinni HE 370, BMW 728, þar sem ökuljós hennar lýstu upp umhverfið. Sigurður hefur jafnframt jatað fyrir dóminum að hafa við aðfarir þessar tekið steinhnullung mikinn og keyrt hann í tvígang í höfuð Lárusi. Dómurinn telur ljóst með tilliti til umfangs og þyngdar steinsins, ákomustaðar högganna, áverka á líkama Lárusar og aðferðar Sigurðar við atlöguna að öðru leyti, að honum hafi eigi getað dulist, að árásin myndi leiða til dauða Lárusar.

Ekkert hefur komið fram í málinu um, að geðrænt ástand Sigurðar hafi verið með þeim hætti, sem greinir í 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í þessu sambandi er til þess litið, að Sigurður ákvað í samráði við Ólaf að ræna hinn látna, þeir óku með hann í því skyni á afvikinn stað og veittust þar að honum í félagi. Þá skiptu Sigurður og meðákærði Ólafur með sér ránsfengnum, 8.000 kr., sem þeir fundu í veski hins látna, og hurfu síðan af vettvangi. Enn fremur verður hér litið til þeirrar niðurstöðu Hannesar Péturssonar geðlæknis, að eigi séu efni til að telja, að sturlunareinkenni sjúkdóms Sigurðar hafi ráðið úrslitum á verknaðarstundu, svo að hann hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum.

Með játningu Ólafs, framburði Sigurðar og öðrum gögnum málsins telst enn fremur sannað, að eftir árás Sigurðar hafi Ólafur ræst vél bifreiðarinnar HE 370, ekið af stað og yfir líkama Lárusar, sem lá fyrir framan bifreiðina. Af áður tilvitnaðri niðurstöðu krufningarrannsóknarinnar og framburði Gunnlaugs Geirssonar prófessors fyrir dóminum verður þó talið, að nægjanlegar líkur séu að því leiddar, að Lárus Ágúst hafi verið látinn af völdum aðfarar Sigurðar, áður en ekið var á hann. Hefur ákærði Sigurður Júlíus Hálfðánarson með framangreindri háttsemi sinni gerst sekur um hrottafenginn verknað, sem heimfærður verður til ákvæða 211. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Ólafur hefur haldið því fram fyrir dóminum, að hann hafi eigi séð Lárus, er hann ók af stað, og hafi því ákeyrsla sín verið óviljaverk. Þá hafi hann verið viss um, að Lárus hafi verið látinn, er hann ók yfir hann. Dómurinn telur þennan framburð Ólafs ótrúverðugan. Við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi hefur framburður Ólafs verið reikull og óstöðugur, og hefur hann sýnilega í auknum mæli leitast við að leyndu þátttöku sinni í þeim hörmulegu atburðum, sem urðu aðfaranótt 2. október sl. Ólafur hefur hins vegar viðurkennt, að þeir Sigurður hafi í sameiningu fært Lárus Ágúst niður af hraunhólnum í þeim tilgangi að hafa af honum fé. Við skýrslugjöf Ólafs fyrir dómi 28. október sl. kvaðst hann eigi geta fullyrt um það, hvort hann hafi slegið til Lárusar, þegar ákærðu færðu hann niður af hólnum. Í

framburði sínum fyrir dómi við aðalmeðferð málsins kvaðst Ólafur hins vegar nú geta fullyrt, að hann hafi aldrei slegið til Lárusar. Að virtum aðdraganda aðfararinnar og þeim framburði Ólafs að öðru leyti, að hann hafi elt Sigurð út úr bifreiðinni HE 370 í þeim tilgangi að ræna Lárus Ágúst, verður fram hjá þeim framburði Ólafs litið, að hann hafi þá eigi tekið þátt í neinum áflogum Sigurðar og Lárusar. Eigi verður hins vegar talið fært að líta heildstætt á framangreinda atburðarás, þannig, að óbeint athafnaleysi ákærða Ólafs við aðfarir meðákærða Sigurðar, sem sannanlega leiddu til dauða Lárusar Ágúst Lárussonar, verði lagt að jöfnu við athöfn, er refsiverð sé samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telja verður, að eðli þátttöku Ólafs fram að því, er Sigurður keyrði nefndan stein tvívegis í höfuð Lárusi, framburður ákærðu og gögn málsins að öðru leyti leiði til þess, að sýnilegur vafi er um, hvort huglæg afstaða Ólafs hafi verið með þeim hætti, sem áskilið er í téðu ákvæði 211. gr. almennra hegningarlaga, áður en eða um leið og Sigurður gerði árás sína. Vafa þennan ber að meta ákærða Ólafi í hag, sbr. grunnreglu 45. gr. laga nr. 19/1991.

Er Ólafur settist upp í bifreið sína, gangsetti vélina og ók yfir hinn látna, verður samkvæmt framanrituðu þó talið sannað, að hann hafi með réttu mátt vita, að líkami Lárusar lá fyrir framan bifreiðina. Þá hafi hann eigi getað verið viss um, að ekkert lífsmark væri með Lárusi Ágústi, sbr. áðurgreindan framburð Gunnlaugs Geirssonar prófessors, enda hefur Ólafur jafnframt viðurkennt að hafa eigi kannað lífsmörk hans eftir aðfarir Sigurðar. Er hann ók yfir hinn látna, lét hann sér því í léttu rúmi liggja, að óvissa var um, hvort Lárus væri látinn. Að framangreindu virtu telur dómurinn eigi varhugavert að álykta, að saknæmisskilyrðum ákvæðis 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hafi verið fullnægt, um leið og Ólafur ók bifreiðinni HE 370 yfir líkama hins látna. Þar sem sannað þykir, að Lárus Ágúst Lárusson hafi verið látinn, er Ólafur ók yfir líkama hans, skortir hins vegar á það hlutræna efnisskilyrði, að Ólafur hafi orðið manni að bana með háttalagi sínu. Verður því háttsemi hans heimfærð til 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem „pútatívt“ brot. Að virtum atvikum málsins, eins og þeim hefur verið lýst hér að framan, framburði ákærðu og öðrum gögnum í málinu verður enn fremur talið sannað, að Ólafur hefur gerst sekur um brot á ákvæði 252. gr. almennra hegningarlaga.

## II.

Að mati Hannesar Péturssonar geðlæknis eiga ákvæði 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 við um ákærða Sigurð Júlíus. Staðfesti hann þetta mat sitt fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Læknirinn telur þó, að geðrænt

ástand Sigurðar sé þess eðlis, að hann muni örugglega skynja þýðingu refsingar, en hins vegar muni áhrif hugsanlegrar refsivistar hafa slæmar afleiðingar á þróun sjúkdómsins. Dómurinn telur, að framburður geðlæknisins fyrir dómi sé nægjanleg læknisumsögn í skilningi áður nefndrar 16. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður, að við skýringu á efnisinnthaki 16. gr. almennra hegningarlaga beri aðallega að líta til geðræns ástands Sigurðar á verknaðarstundu og stöðu þess í dag. Beri að kanna, hvaða áhrif þróun sjúkdómsins muni hafa á skilning Sigurðar á þýðingu, varnaðar- og endurhæfingaráhrifum refsingar. Af niðurstöðum geðlæknisins má ráða, að megineinkenni sjúkdóms Sigurðar felist í fremur flatneskjulegu tilfinningalífi og grunnnum tilfinningaviðbrögðum. Hafi þessara einkenna sjúkdómsins og gætt á verknaðarstundu. Að virtum framburði Sigurðar við yfirheyrslur hjá lögreglu, fyrir dómi 28. október sl. og við aðalmeðferð málsins, atvikum málsins og rannsóknargögnum að öðru leyti telur dómurinn því eigi varhugavert að meta, að refsing yfir ákærða Sigurði muni bera árangur. Umsögn geðlæknisins girðir eigi fyrir þessa niðurstöðu.

Hinn 4. júní 1997 var Sigurði Júlíusi Hálfðánarsyni veitt reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum sextíu daga fangelsisrefsingar vegna ítrekaðra umferðarlagabrota. Hefur hann eigi sætt annarri refsingu, sem til álita kemur í máli þessu. Hefur hann með háttsemi sinni í máli þessu þannig rofið almennt skilyrði reynslulausnar, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður því við ákvörðun refsingar dæmt í einu lagi fyrir brot þau, sem Sigurður er nú dæmdur fyrir, með hliðsjón af refsivist þeirri, sem ólokið er, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði Sigurður hefur nú gerst sekur um brot gegn ákvæðum 211. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga. Verður því við ákvörðun refsingar litið til ákvæðis 77. gr. sömu laga. Af niðurstöðum Hannesar Péturssonar geðlæknis þess efnis, að afleiðinga geðsjúkdóms Sigurðar samfara áhrifum áfengis og persónuleikaröskunar hafi gætt á verknaðarstundu, telur dómurinn að auki heimilt að líta til ákvæðis 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að líta til þess, að ránsverknaðurinn var unninn af ákærðu í sameiningu, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Eigi verður talið, að önnur ákvæði 70. gr. eða ákvæði 74. gr. sömu laga eigi við um háttsemi Sigurðar Júlíusar.

Verknaður Sigurðar, virtur í heild, var ógnvekjandi og olli hörmulegum dauðdaga. Ljóst er af framburði ákærðu, að Lárus Ágúst hafði verið yfirbugaður líkamlega í þeim tilgangi að ræna hann, þegar hrottafengin árás Sigurðar var gerð. Hafi Lárus og beðist vægðar með orðunum: „Ekki meiða mig.“ Með skírskotun til refsihækkunarheimildar ákvæðis 2. málsl. 2. mgr.

77. gr. almennra hegningarlaga og að virtum refsilækkunarsjónarmiðum 75. gr. sömu laga þykir refsing ákærða Sigurðar Júlíusar Hálfðánarsonar hæfilega ákvæðin fangelsi í sextán ár. Skilyrðum 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er fullnægt þannig, að gæsluvarðhaldstími Sigurðar kemur til frádráttar dæmdri refsingu með fullri dagatölu, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ólafur Hannes Hálfðánarson hlaut dóm 6. október 1995 fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sætti fangelsi í þrjá mánuði, en refsivistin var skilorðsbundin til tveggja ára. Brot þau, sem Ólafur er nú dæmdur fyrir, urðu 2. október 1997. Hefur ákærði Ólafur þannig rofið almennt skilyrði áðurnefnds refsidóms, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Verður því refsing dæmd í einu lagi fyrir hið eldra brot og þau brot, sem nú er dæmt um, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Ólafur gaf sig af sjálfsdáðum fram við lögreglu og sagði til brots síns. Verður það virt honum til málsbóta, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga, en eins og hér stendur á, verður eigi talið fært að líta til ákvæðis 9. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Þó verður einnig við ákvörðun refsingar yfir Ólafi að líta til ákvæðis 2. mgr. 70. gr. sömu laga vegna brots Ólafs og meðákærða Sigurðar gegn ákvæði 252. gr. almennra hegningarlaga, en ákærðu veittust í félagi að Lárusi Ágústi með ofbeldi í þeim tilgangi að hafa af honum fé. Þá verður eigi tekið tillit til ákvæðis 3. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga í máli þessu.

Ólafur Hannes Hálfðánarson hefur gerst sekur um brot gegn ákvæðum 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir þannig refsing ákærða Ólafs hæfilega ákvæðin fangelsi í átta ár. Skilyrðum 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er hér einnig fullnægt þannig, að gæsluvarðhaldstími Ólafs kemur til frádráttar dæmdri refsingu með fullri dagatölu, eins og nánar greinir í dómsorði.

Með hliðsjón af málalokum þessum verður Sigurði og Ólafi gert að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 kr., sbr. 3. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991. Með skírskotun til 2. mgr. 165. gr. sömu laga verður Sigurði hins vegar gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 450.000 kr. Þá verður Ólafi gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Bjarnasonar hdl., 450.000 kr.

Rétt þykir að taka efnislega afstöðu til fram kominna skaðabótakrafna maka og barna Lárusar Ágústs Lárussonar, sbr. 2. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991. Kröfur þessar eru studdar útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem reiknað hefur út tjón maka og barna Lárusar sam-

kvæmt 13. og 14. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Verða fram komnar bóta-kröfur þannig teknar til greina að öllu leyti. Þá greiði ákærðu in solidum tjónþolum málskostnað auk útlagðs kostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Sigurður Júlíus Hálfðánarson sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar dæmdri refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist Sigurðar með fullri dagatölu frá 3. október 1997 að telja.

Ákærði Ólafur Hannes Hálfðánarson sæti fangelsi í 8 ár. Til frádráttar dæmdri refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist Ólafs með fullri dagatölu frá 3. október 1997 að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 kr.

Ákærði Sigurður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arn-ar Clausen hrl., 450.000 kr.

Ákærði Ólafur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Krist-ins Bjarnasonar hdl., 450.000 kr.

Ákærðu greiði in solidum Valgerði Ragnarsdóttur, Eiríki Lárus-syni, Jakob Lárussyni og Andra Þór Lárussyni skaðabætur, að fjár-hæð 9.589.007 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags. Þá greiði ákærðu in solidum tjónþolum 119.920 kr. vegna kostnaðar, þ. m. t. kostnað vegna lögmannsaðstoðar Sigmundar Hannessonar hrl., 100.000 kr. án virðisaukaskatts, og útlagðan kostnað, að fjárhæð 19.920 kr.

---